



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
20. ágúst 2022 kl. 14:00.**

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Formannskjör.

Fundurinn er sá fyrsti eftir sveitarstjórnarkosningar. Byggingarfulltrúi vék af fundi meðan nefndarmenn skiptu með sér verkum. Lárus Heiðarsson var kjörinn formaður nefndarinnar.

2. Brekkugerðishús.

Einar Ólafsson hjá SNIDDU Arkitektastofu f.h. landeigenda þeirra Isabellu Schelling og Stefáns W. Felix leggur fram uppdrætti og sækir um byggingarleyfi fyrir þrjú smáhýsi í landi Brekkugerðis. Húsin eru ætluð til útleigu til skemmri tíma í ferðapjónustu. Húsin eru forsmíðuð einingahús innflutt frá Sviss. Framleiðandi húsanna, BEER HOLZBAU. Sökkklar eru staðsteyptir. Útveggir eru klæddir með nótaðri timburklæningu.

Stærðir: Hús nr. 1 brúttó flatarmál 64,1 m² og brúttó rúmmál 190,1 m³. Hús nr. 2 og 3 eru jafn stór brúttó flatarmál 48,7 m² og brúttó rúmmál 135,7 m³.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða uppdrætti og að veita byggingarleyfi fyrir smáhýsunum en gerir athugasemd við að framkvæmdir við gerð steinsteypra sökkla skuli hafa hafist áður en uppdrættir voru lagðir fyrir til samþykktar.

3. Víðivallaskógur. Frístundabyggð. Deiliskipulag. Vinnslutillaga.

Í framhaldi kynningu á tillögunni á fundi byggingar- og skipulagsnefndar 8. apríl sl. var tillagan lögð fram til kynningar og óskað eftir umsögnum og athugasemdum. Umsagnir komu frá eftirtöldum: Skipulagsstofnun, Skógræktinni, Minjastofnun Íslands (tvær umsagnir), Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Náttúrustofu Austurlands og Helga Ómari Bragasyni. Nefndarmenn hafa kynnt sér umsagnirnar og beina því til skipulagshöfundar að bregðst við þeim með lagfæringum og breytingum á deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð eftir því sem efni og ástæður gefa tilefni til.

4. Víðivallagerði.

Þorsteinn Pétursson hefur í athugun að ráðast í viðgerð og endurbætur á gamla íbúðarhúsið í Víðivallagerði og óskaði eftir áliti byggingarfullfrúa á burðarvirki þess. Burðarvirki steinsteypra veggja virðist vera í góðu lagi enda eru þeir mjög þykkir en trévirki hússins þarfnast endurnýjunar að miklu leyti. Þá nefndi Þorsteinn fyrri hugmynd sína um 48 m² bílskúrs- eða geymslubyggingu norðan íbúðarhússins sem samþykkt var í byggingarnefnd 30. júní 2005. Ef af verður þá þarf hann að endurnýja þá umsókn. Samþykkt og útgefin byggingarleyfi gilda ekki nema í eitt ár.

5. Staða verkefna á framkvæmdastigi.

Byggingarfulltrúi sagði frá verkefnum á framkvæmdastigi og sýndi myndir frá þeim.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:00

Sign. Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir.
Fundarritari: Sveinn Þórarinsson.